

**Nd.**

**156. Nefndarálit**

um frv. til laga um námskeið fyrir atvinnulausa unglunga í bæjum og kaupstöðum.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Ég get ekki fylgt þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi er hér um að ræða útgjöld fyrir ríkissjóð án þess séð sé fyrir tekjum. Í öðrn lagi er það mál lítt hugsað, hvað gera skuli fyrir allan þann fjölda ungmenna í landinu, sem sökum atvinnuleysis hafa tíma til að sækja skóla. Í þriðja lagi er búsnæðisskortur fyrir marga þá skóla, sem þegar hafa verið stofnaðir.

Loks tel ég, að hlutaðeigandi hæjarfélög og kauptún eigi sjálf að annast kennslu atvinnulausra unglunga, sem búsettir eru þar. Mundi ég á sinum tíma vera fús til að athuga, hvort hyggilegt væri að setja löggjöf um slíka kennslu á þeim grundvelli, að hún sé kostuð af hlutaðeigendum, svo sem fyrr er nefnt.

Alþingi, 16. marz 1935.

Bjarni Bjarnason.